

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 3. júní 2024
Málsnúmer: 202404-0054
SS

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Útbæjar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Hornafirði sem barst í gengum Skipulagsgátt þann 22 apríl 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Útbæjar.

Um er að ræða breytingu á skilgreindum byggingarlóðum þar sem stefnt er að uppbyggingu hótels. Lóðir eru sameinaðar, byggingarmagn er aukið og heimildir fyrir hærri húsum.

Deiliskipulagsreiturinn er staðsettur í næsta nágrenni við svæði sem er á gildandi (C-hluta) náttúruminjasráð sem og skammt frá friðlýstu svæði, fólkvanginn í Óslandi. Þótt heimildir séu í gildandi deiliskipulagi fyrir töluverðri uppbyggingu hefur hún ekki farið fram nema að mjög litlu leyti. Svæðið er því í dag lítt raskað og frekar gróið. Fuglalíf er töluvert á svæðinu og mun það verða fyrir raski við uppbygginguna. Þær breytingar sem hér eru tilkynntar munu ekki hafa mikil áhrif á það rask umfram það sem núverandi heimildir munu gera. Þó getur hækkun bygginga aukið hörfunaráhrif á fugla sem og aukið sjónræn áhrif sem geta rýrt gildi fólkvangsins í Óslandi. Jákvætt er að ákvæði um lýsingu séu þess eðlis að reynt sé að draga úr ljósmengun. Þá skal ofanvatn vera leyst innan lóðar en tryggja þarf að mengun berist ekki með ofanvatni til sjávar. Umfjöllun um fráveitu vantar í skilmála deiliskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

